

Kátakot

Frístundaheimili við Grunnskóla Hornafjarðar

- Í Grunnskóla Hornafjarðar er starfrækt frístundaheimili fyrir nemendur í 1. – 4. bekk grunnskólans og kallast hún **Kátakot**.
- Kátakot er til húsa í lausum kennslustofum bak við Hafnarskóla og í kjallar í Vörhúss /Þrykkjunni. Auðveldasta aðkoman að lausu kennslustofunum þar sem 1. og 2. bekkur hefur aðstöðu er frá Bogaslóðinni. Inngangur í Kátakot í Vöruhúsi er frá bílastæðinu við Svlarð. Kaffitíminn er tekinn í matsal skólans.
- Foreldrar eru beðnir um að koma umsóknum um dvöl í Kátakoti í Hafnarskóla og mæta með barninu í fyrsta skiptið eða vera búið að koma með barnið í heimsókn áður en það mætir í fyrsta skipti.
- Lögð er áhersla á gott samstarf við heimili þeirra barna sem eru í Kátakoti.
- Í Kátakoti gilda sömu umgengnis- og samskiptareglur og í skólanum. Ef eitthvað kemur upp á í samskiptum í Kátakoti og ekki tekst að leysa úr málinu hafa starfsmenn samband við heimili.
- Verð miðast við fjölda daga í hverjum mánuði, það er bundið vísitölu og uppreiknað 1. ágúst ár hvert. Síðdegishressing 115 kr á dag er ekki innifalin í gjaldskrá.
- Greiðslu fyrir hvern mánuð ber að inna af hendi fyrirfram, eigi síðar en 25. dag næsta mánaðar á undan, samkvæmt greiðsluseðli í heimabanka.
- Verði vanskil á greiðslum er litið svo á að plássi um vistun hafi verið sagt upp.
- **Hyggist foreldrar breyta dvalartíma er nauðsynlegt að tilkynning berist til umsjónarmanns fyrir 20. dag hvers mánaðar.** Einnig er mikilvægt að foreldrar láta vita ef breyting verður á viðveru barna í Kátakoti frá degi til dags þannig að starfsfólki þar viti ef barnið mætir ekki.
- Í Kátakoti er lögð áhersla á að öllum líði vel og viðmótið sé afslappað og heimilislegt. Börnunum gefst alltaf kostur á útiveru og er aðstaða til útileikja góð. Innandyra geta börnin valið um fljölbreytt viðfangsefni.
- Á meðan börnin eru í Kátakoti geta þau sótt tíma í íþróttahúsi, sundlaug og Tónskóla en fara þá ein á milli húsa. Yngstu börnunum er þó fylgt fyrstu vikurnar á meðan þau eru að læra á aðstæður.
- Mikilvægt er að foreldrar láti starfsmenn Kátakots vita í hvaða tómsundur barnið á að fara og láti vita þegar breytingar eiga sér stað.
- Sími Grunnskólans er 470 8400. Síminn Kátakotsmegin er 470 8448 og Kátakot/Þrykkjan 4708447.

Gjaldskrá frístundar er bundin fastri vísitölu sem breytist 31. júlí ár hvert.

Gjaldkráin er birt á heimasíðu skólans og heimasíðu sveitarfélagsins.

Síðdegishressing er ekki innifalin í verði og kostar 115 krónur aukalega á dag.

Systkinaafsláttur fyrir annað barn er 50% og 100% afsláttur fyrir þriðja barn. Afslátturinn gildir milli skólastiga þannig að foreldrar sem eiga börn á leikskóla fá afslátt í Kátakoti.

Ekki þarf að greiða fyrir fullan mánuð í desember eða páskamánuðinum.

Skólastjóri Grunnskóla Hornafjarðar